

Nd.

273. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 18, 20. okt. 1905, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Heimild sú, sem með lögum nr. 1, 3. jan. 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er veilt kaupstöðum landsins til að gera lögreglusamþykktir, skal ná til allra hreppa á landinu.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felldur 1. másl. laga nr. 18, 20. okt. 1905, og lög nr. 7, 18. maí 1920.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Af bættum samgöngum stafar, að lögregluákvæða er þörf einnig til sveita, sérstaklega þó nærri kaupstöðum.